



UHÖ SÝN, GILDI, MARKMIÐ OG STEFNA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

UHÖ sýn

Að byggja varanlega UHÖ-menningu - Menning er sameiginlegt lífsviðhorf og UHÖ-menningin sem við, starfsmenn Alcoa, höfum tileinkað okkur mun einkenna okkur og starfsemi fyrirtækisins. Hjá okkur ríkir sú menning að bæði starfsmenn og verktakar virða UHÖ-mál og við hugsum um hvert annað.

UHÖ gildi

Við leggjum áherslu á öryggi, heilbrigði og verndun umhverfisins. Þessi áhersla er inngreipt í öll gildi Alcoa:

- Heilindi: Við erum heiðarleg og ábyrg, setjum okkur stranga UHÖ-staðla og fylgjum í hvívetna lögum og reglugerðum.
- Árangur Við nýtum okkur nýjungar til þess að vernda fólkið okkar og umhverfið; við vinnum í anda sjálfbærrar þróunar og innleiðum mikilvægustu varnarlögin.
- Umhyggja Við vinnum á öruggan hátt, stuðlum að góðri heilsu, styðjum við samfélagið okkar og eflum helgum starfsmanna.

UHÖ markmiðslýsing

Alcoa vinnur um allan heim á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir umhverfinu og heilsu starfsmanna okkar, viðskiptavina, birgja, verktaka og samfélagsins þar sem við störfum. Við fórnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

UHÖ-stefna

Hver starfsstöð Alcoa verður að hafa stefnu sem er aðlöguð að eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram, og stefnan skal m.a. taka til eftirfarandi grunnreglna og markmiða:

- Við metum mannlíf ofar öllu öðru og höfum stjórn á áhættuþáttum,
- Við förum eftir öllum lögum og reglum og setjum okkur sjálfum og verktökum okkar strangari staðla ef óásættanleg áhætta kemur upp.
- Við leitum stöðugt umbóta á UHÖ kerfum og ferlum í þeim tilgangi að útrýma slysum sem geta valdið örkumlun eða mannskaða og til koma í veg fyrir meiri háttar umhverfisatvik sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag.
- Við komum á mælanlegum markmiðum til að meta árangur okkar,
- Við stöndum fyrir gegnsæju mati og skýrslugjöf varðandi UHÖ atvik.
- Við erum stöðugt að læra.
- Við tökum hugsanleg áhrif á hagsmunaaðila með í ákvarðanatöku okkar, og
- Við hvetjum starfsmenn til þátttöku og aukum meðvitund þeirra um UHÖ ógnir og tækifærl.

Sérhver stefna verður að vera (i) skráð, (ii) samþykkt af framkvæmdastjórn starfsstöðvarinnar, (iii) miðlað til allra hlutaðeigandi innri og ytri hagsmunaaðila og (iv) endurskoðuð með reglulegu millibili til að tryggja að hún mæti þörfum og forgangsefnum fyrirtækisins og stefnu þessarar.